

*Smátextar:*

*frá*  
**Örsögu**

*til*  
**Útgáfu**

Borgarbókasafnið 2019

Smátentar:  
Frá örsögu til útgáfu

Smátentar: Frá örsögu til útgáfu

© Höfundar efnis 2019

Kápa og umbrot: Droplaug Benediktsdóttir

Ritstjórn: Sunna Dís Másdóttir

Höfundar eru þátttakendur á námskeiðinu

Smátentar: Frá örsögu til útgáfu.

Námskeiðið var haldið á Skrifstofunni,

Borgarbóksafninu Kringlunni, haustið 2019.

Leiðbeinandi var Sunna Dís Másdóttir.

Borgarbókasafn Reykjavíkur 2019.

## Inngangur

Örsaga, smáprósi, prósaljóð, ljóðsaga - það eru til ótal orð yfir töfrana sem felast í smátextum á borð við þá sem hér er að finna. Eftirfarandi 40 textar eru ritaðir á námskeiðinu Smátextar: Frá örsögu til útgáfu, sem Borgarbókasafn Reykjavíkur stóð fyrir á Skrifstofunni, ritsmíðaverkstæði, haustið 2019. Þeir koma hér út, tveir textar frá hverjum höfundi sem tók þátt í námskeiðinu, svo fleiri lesendur fái notið afrakstursins og fundið galdurinn í hinu smáa.

Höfundum þakka ég fyrir sérlega gefandi samfylgd og samstarf.

Sunna Dís Másdóttir, leiðbeinandi.

## Daglegt brauð

James var enn í fersku minni sá dagur þegar hann ákvað að baka brauð á hverjum degi það sem eftir væri ævinnar og færa prestinum í þorpinu. Það var á tuttugasta og fimmta afmælisdaginn fyrir þrjátíu árum, 26. júní 1940. Þá geisaði styrjöldin með öllum sínum eyðileggingarmætti og setti svip sinn á andrúmsloftið í þorpinu. Aldrei hafði hann grunað að hermennirnir myndu vaða yfir litla þorpið á skítugum skónum. Þorpsbúarnir voru berskjaldaðir. Þetta var mannanna verk. James stóð sorgbitinn í kirkjugarðinum í útjaðri þorpsins og andvarpaði þungt. Það var erfitt að halda áfram lífsgöngunni í þessu tilgangssleysi. Þorpið var rjúkandi rúst. Hann fylltist vonleysi þegar hann horfði yfir kirkjugarðinn. Þar hvíldu mæðurnar sem trúðu á framtíðina sem aldrei varð. Saklaus börnin sem voru skotin niður þegar þau léku sér brosandí í boltaleik á torginu og feðurnir sem trúðu á málstaðinn. Tilgangslaus málstaður sem endaði í blóðbaði. Þar hvíldi ástkona hans og sonur þeirra, Thomas. Söknuðurinn var nístandi. Af hverju tóku þau mig ekki? Þá birtist honum allt í einu þrefaldur regnbogi yfir þorpinu. Þvílík sýn. Hann hafði aldrei séð annað eins náttúrufyrirbæri. Innra með honum kviknaði vonarneisti. Uppgjöf var ekki leiðin fram á við. Ástvinirnir sem hvíldu í kirkjugarðinum áttu meira og betra skilið en uppgjöf eftirlifenda. Hann vildi ekki að ljótaleikinn yrði grafinn í nafnlausri gröf. Það þurfti að endurreisa þorpið og hann var einn af þeim útvöldu.

James lét ekki deigan síga. Frá þessum degi vaknaði hann á hverjum morgni og hófst handa við að baka brauð. Fyrstu árin var hveiti af skornum skammti. Þá þurfti útsjónarsemi. Hann notaði bygg og rúg og aðrar korntegundir og bætti stundum sagi í deigið til að geta lokið morgunverkinu. Svona var stríðsbrauðið. Presturinn tók honum alltaf opnum örmum. James fann sælutilfinningu streyma um líkama sinn í hvert sinn sem hann færði prestinum gjöf. Árin liðu. Tíu þúsund níuhundrað og fimmtíu brauð. Æviverkið hans. Gleðin við að gefa fyllti smám saman upp í auðnina í hjarta hans. Það var gott að geta glatt aðra. Nú þurfti ekki lengur að spara hveitið. Nú var þorpið orðið heilt á ný. Nú gátu börnin leikið sér frjálst á torginu. Framtíðin var þeirra.

Deigið var búið að hefast í klukkutíma á slitnu borðplötunni. Það var létt og loftmikið. Svona átti það að vera. Lífsreyndur bakari veit hvað hann syngur. Geislar morgunsólarinnar bárust inn um eldhúsgluggann. James hugsaði hlýtt til Mary og Thomas. Guð hvað hann saknaði þeirra. Hann lygnði aftur augunum umvafinn glitrandi hveitiskýi. Nú var hlutverki hans lokið.

## Skósparnaður

Kleópatra Líf mætti á hverjum degi í vinnuna í nýjum skóm. Hún kom eins og ferskur andblær inn á vinnustað sem var fastur í gömlu hjólfari. Skósafrnið varð fljótt aðalúræðuefnið á kaffistofunni, enda var það bæði vandað og óvenjulegt. Það virkaði á mig eins og kærkomin vítamínsprauta. Í langan tíma hafði ég notað sömu taktlausu hreyfingarnar þegar ég tæmdi ruslatunnurnar, skúraði gólfni og þurrkaði rykið. En núna fann ég fyrir ólýsanlegri löngun til að breyta um takt, þökk sé litríka skósafrninu. Kleópatra Líf var vonarglætan mín.

Þrúði aðalbókara, sem hafði unnið á skrifstofunni í hartnær 30 ár og fannst hún eiga einkarétt á vali á umræðuefni á kaffistofunni, líkaði ekki þetta nýja stef í vinnustaðarmeningunni. Það var í hrópandi andstöðu við viðhorf hennar um mikilvægi formfestu. Í stað þess að láta smitast af uppátækja-semi nýja vinnufélagans og magna hinn jákvæða anda sem var í þann mund að fæðast á vinnustaðnum, fór Þrúður að safna stuðningsmönnum. Hún kom fljótt auga á þrjár nöðrur sem flissuðu með henni að skósafrninu. Mánuðirnir liðu en alltaf hélt Kleópatra Líf sínu striki.

Hún lét ekki truntulegt viðmót Þrúðar draga úr sér kjarkinn. Svo kom krep-pan eins og gjöf frá himnum. Þá gat Þrúður andað léttar. Kleópatra Líf fékk uppsagnarbréf vegna lágs starfsaldurs og vinnustaðurinn fór aftur í sitt gamla horf.

Ég missti kjarkinn til að halda áfram í nýja taktinum. Á rigningar-degi, þegar tilveran var grámygluleg, hitti ég Kleópötru Líf í Kolaportinu. Hún var að selja skóna sína. Snilldin ein. Aldrei hefði Þrúður haft hugmyndaflug í svona lagað. Kleópatra Líf fjárfesti í vönduðum skófatnaði sem viðskipta-vinirnir kunnu að meta. Ég flýtti mér að kaupa af henni rauðu skóna þó að þeir væru einu númeri of litlir. Ég man hvað þeir fóru fyrir brjóstið á Þrúði. Á mánu-degi mætti ég hnarreist í vinnuna í rauðu skónum og sagði upp starfi mínu sem ræstitæknir við dvalarheimilið Blómagarð.

## Afskipt

Ég dó í fyrra

Lak niður á gólfið

seig undir stofuborðið.

En þú tókst ekki eftir neinu

teygðir þig eftir fjarstýringunni og skiptir um stöð.

Ég dó í fyrra

án þess að komast á dagskrá.

### Skáseta

Ég passa ágætlega í þennan stól  
þar sem ég get setið þvers og kruss  
með lappirnar í allar áttir.  
Ég passa ekki í stóla  
þar sem ég þarf að sitja bein  
með fæturna dömulega saman.  
Ég passa yfirleitt ekki.

### Hamingja

Regnið lamdi gluggann  
hún stóð fyrir framan hann  
hún horfði í augu hans  
tók fast utan um hann  
lagði höfuðið að bringu hans  
hárið ilmaði

Hann tók um höfuð hennar  
horfði í augu hennar  
þrýsti henni að sér  
hún lokaði augum, umlaði lágt

Má ég kyssa þig?  
Já.

Hann kyssti hana löngum kossi  
á þurrar kaldar varirnar  
nartaði í neðrivörina  
nartaði í efrivörina  
en tungan var kyrr

Eintóm hamingja  
Ég elska þig.

## Hornstaurinn og holan góða

Ég stend við járnkarlinn minn sem situr fastur í fari sínu í holunni. Hvað er í gangi? Ég góni á járnkarlinn og jugga honum til og frá, þar til hann loks losnar.

Ég dreg hann upp og ætla að keyra hann aftur í sama farið af öllu afli en þá, allt í einu, byrjar þykk svört leðja að vella upp úr fari járnkarlsins! Hvað er eiginlega að gerast, hugsa ég með mér, gapandi af undrun, með hökuna niður á bringu. Smá saman fyllist holan af þessari illa þefjandi leðju og fer að renna niður hallann, inn í eina geilina í kartöflugarðinum og yfir rabarbarann við enda geilarinnar. Ég stend sem frosinn og horfi steini lostinn á þessi undur.

Ég styð mig við járnkarlinn, agndofa yfir þessari stórfurðulegu sýn. Það glampar á kolsvarta seigfljótandi leðjuna þar sem hún rennur hægt framhá mér. Ég finn kunnuglega lykt. Kolsvört leðjan lyktar af svartolíu...

Ég hef fundið olíulind í kálgarðinum mínum. Ég sem var bara að setja niður síðasta hornstaurinn í girðingunni utan um garðinn. Mér verður litið á gamla ryðgaða bílskrjóðinn minn sem stendur við hliðið, hrörlegan húskofann minn fyrir ofan garðinn, gúmmítútturarnar á fótunum og stagbætta larfana sem ég stend í. Lít svo aftur með bros á vör á þessa svörtu leðju vella upp úr holunni.

Gat það verið að ég hafi óvart fundið olíulind í kálgarðinum mínum? Nokkru síðar, þegar ég hafði jafnað mig á þessum ósköpum, kom í ljós að svo var því miður ekki. Ég hafði rekið járnkarlinn á kaf í gamla járntunnu, fulla af ónýtri mótórolíu, sem ég hafði fargað þarna fyrir mörgum árum.

## Beitan

Kaldir fingur Jóns glímdu við að koma beitunni upp á öngulinn og hann reyndi að hundsa rigninguna sem trommaði viðstöðulaust á hann og allt um kring. En erfiðast var leiða þetta ámátlega ýlfur í Koli hjá sér. Hann sá að þetta gat ekki gengið svona lengur. Dró andann djúpt, lokaði augunum, taldi hægt upp að tíu. Andaði rólega frá sér, lagði veiðarfærin niður og tók Kol í fangið. Þetta var ágætis skepna sem nauðsynlegt var að hafa með sér í veiðiferðirnar. En hann var orðinn ansi lélegur, þótt hann væri bara á fjórða ári, eineygður, haltur og horaður. Birta hafði enst í tæp sjö ár og reynst miklu betur. Það var töggur í henni.

Hann strauk yfir litla kroppinn sem skalf ennþá, klóraði Kol milli blautra eyrnanna og talaði blíðlega til hans. Jón sá enn hræðsluna í auga hans. Hræðslu og óttablandna virðingu. Smám saman róaðist Kolor. Jón lagði Kol niður og tók aftur til við að þræða. Beitan og öngullinn voru enn ekki á því að renna saman. Að lokum stakst öngullinní þumalfingur Jóns og í fátinu datt beitan í vatnið. Hann dæsti og horfði vonsvikinn á Kol sem aftur byrjaði að væla. Jón tók Kol í fangið, veiðihnífurinn small upp og hann sagði blíðlega: „Jæja Kolor minn, hvaðan eigum við að taka næsta bita?“

## Orðið er laust

Óskað er eftir orðum  
sem vilja taka þátt  
í ljóðum eftir lítt þekktu höfunda  
orðin verða að falla vel að tungu  
vera rétt stafsett  
mega vera samsett  
geta staðið ein og sér  
eða í hóp með öðrum orðum  
æskilegt að þau hafi komið fyrir í öðrum ljóðum  
meðmæli, loforð eða vottorð kærkomin  
frá eldri ljóðum  
eða íðorðum  
hafi óflekkað orðspor  
og ekki óorð á sér  
reynsla í orðaleikjum kemur sér vel  
hvetjum sérstaklega  
nýorð  
kvenkynsorð  
hvorugkynsorð  
til að sækja um  
vinnutími ekki meitlaður í stein  
en vonandi næstu hundruð ára

laun samkvæmt guðsorði

## Sagan af brauðinu góða

Í hverfinu þar sem við bjuggum um tíma var bakarí. Í bakaríinu  
vann kona sem var ósköp viðræðugóð og notaleg og spjallaði oft við okkur  
þegar við komum að versla. Við keyptum oft ákveðið brauð sem var til sölu  
vissa daga vikunnar. Einu sinni sem oftast fór ég að kaupa brauðið og spurði  
hana hvort maðurinn minn væri kannske búinn að koma og kaupa það - þetta  
var fyrir tíma gemsanna.

Konan sagðist ekkert þora að segja lengur eftir að hún lenti í atviki sem hún  
síðan sagði mér frá.

„Það var einu sinni þar eins og þið sem kom oft að versla, ýmist saman  
eða sitt í hvoru lagi. Einu sinni sem oftast kemur konan og kaupir brauð, stuttu  
seinna kemur maðurinn og kaupir sama brauðið. Ég sagði því við hann: Konan  
þín er nýbúin að vera héra að kaupa brauðið. Þá svaraði hann og var heldur  
hvass í rómnum: Ég á enga konu.“



## Spilasögn

Að vera konan hans þabba  
er að fá engin spil  
þú getur ekkert sagt nema nóló.

## Tuttugasti og áttundi október

Mig dreymir um að komast  
í samband við þig  
þarna fyrir handan.  
Þú átt afmæli í dag.

Ég stend þögul  
og hrópa orðlaust  
því ég veit þú ert hérna  
allt um kring.

Þörf mín til að lifa og njóta,  
upplifa ósvikna ást  
í þessum heimi  
er enn sterk.

Drekk í mig lífið  
sem var hrifsað frá þér  
svo óundirbúið.  
Hætt að flýja.

Syntu burt  
að eilífu  
sanni, óviðjafnanlegi sjafni.  
Hvíl þú í friði.

## Sóknarmaður

Það er á gangstéttinni við Hlemm, gegnt húsi Stígamóta, sem ég rekst á hann. Geng beint í flasið á honum. Eins og fælin dádýrshind tek ég ósjálfrátt snögggt viðbragð til hliðar og misstíg mig. Hann grípur um mig og varnar því að ég detti. Ég horfi sem snöggvast á hann. Hann er falletgur ef þú þekkir hann ekki.

Það eru þrjú ár síðan. Ég er ein í byggingunni. Vinn mér inn aura með því að þrifa þennan leikskóla. Mæti klukkan sex á kvöldin þegar allir eru farnir og allt er orðið hljótt. Leikskólinn er upplýstur. Deildirnar fjórar, salerni, matsalur og fataklefar eru í mínum verkahring. Ég geng rösklega til verks. Þetta er ekki það skemmtilegasta sem ég hef unnið við en hefur vanist furðu fljótt.

Klukkan er að verða níu þegar ég slekk öll ljósin og set öryggiskerfið á. Ég skelli í lás. Ég er sveitt eftir þrífing og hárið á mér er einn óreiðuhnútur á höfðinu. Nóvemberkvöldið er kalt og rakt. Ég geng af stað heim á leið. Gulleit lýsing ljósastauranna flæðir yfir göturnar og gangstéttirnar. Það er frost.

Ég er í þungum þönkum og gæti ekki að mér þegar maður á hjóli kemur á fleygiferð úr gagnstæðri átt. Hann reynir að stýra framhá mér og tekst að stöðva hjólið áður en við skellum saman. Hann hendist af hjólinu og út á götuna. Ég hleyp strax til hans og og hjálpa honum upp. Maðurinn hlær. Hlátur hans er mjúkur og þægilegur.

- Þú ert stórhættuleg, segir hann glaðlega.
- Æ, fyrirgefðu, svara ég og lít afsakandi á hann.
- Heyrðu, ert þú ekki systir hans Arnórs? spyr hann og horfir rannsakandi á mig.
- Jú, svara ég undrandi. Þekkjumst við?
- Nei, reyndar ekki, svarar hann. En þú ert svo lík honum Arnóri að þú getur ekki verið annað en systir hans.
- Hvernig þekkirðu bróður minn?
- Við erum saman í boltanum. Ég er sóknarmaður.

Ég finn strax hvernig ég slaka á og treysti þessum manni algjörlega. Hann þekkir Arnór. Ég virði fyrir mér óvenju fagurt andlit hans. Há kinnbeinin setja sterkan svip á það. Húðin virðist hrein og mjúk. Augun djúp og brún og brosið fær mig til að brosa á móti.

Hann býðst til að fylgja mér heim. Þó að ég þurfi ekki fylgd er freistandi að þiggja hana af þessari hrífandi veru.

Við göngum af stað. Hann er skemmtilegur. Hann spyr mig út í sjálfa mig. Hefur mikinn áhuga á að vita allt um mig. Ég hlæ að myndni hans. Hann segir að ég hlæi eins og mús. Við göngum hlið við hlið. Hann hávaxinn og

dökkhærður og leiðir hjólið sitt. Ég lágvaxin og ljóshærð með óreiðuhnútin á höfðinu. Stundin er töfrum hlaðin. Hann hefur þessi áhrif á umhverfið og mig. Hólavallakirkjugarður á hægri hönd. Með hans augum breytist allt og fegurð kirkjugarðsins verður þvítík. Mér líður eins og ég sé stödd í einhverri hliðarveröld.

Við göngum inn í garð gegnt kirkjugarðinum.

- Svo þú átt heima hérna, segir hann.
- Mhm. Ég stelst til að horfa á vangasvip hans. Ég er með nautfiska í maganum. Eins og fiskar með horn stangi mig að innan. Þetta eru engin fiðrildi.
- Takk fyrir fylgdina, segi ég og brosi.
- Mín var ánægjan, svarar hann og brosir á móti.
- Þú biður að heilsa Arnóri, er það ekki? spyr ég.
- Auðvitað, svarar hann. En annars sé ég hann á æfingu annað kvöld. Þannig að á ég ekki bara að skila kveðju frá þér? spyr hann glaðlega.

Áður en ég næ að svara spyr hann hvort hann megi koma með mér inn og nota klósettið.

- Já, auðvitað, segi ég.

Við göngum að hægri hlið hússins að inngangi kjallaraíbúðarinnar. Ég opna og hleypi honum inn. Þar er hlýtt og notalegt. Ég klæði mig úr yfirhöfninni og hann hverfur inn á baðherbergið.

Ég kveiki á geislaspílaranum og áður en varir líða ljúfir, angurværir tónar Loreenu McKennitt um loftið.

Hann kemur inn í stofuna. Stendur og horfir á mig.

- Svo þú fílar Loreenu McKennitt, segir hann og sest við hlið mér í sófann.

- Já, ég algjörlega dýrka tónlistina hennar, svara ég.

- Þessi diskur hennar er í uppáhaldi hjá mér, segir hann og lygnir aftur augunum. Ég verð allt í einu feimin og meðvituð um sjálfa mig. Loftið á milli okkar er rafmagnað. Hann tekur um hönd mína og gælir við lófann. Svona sitjum við lengi, hlustum á tónlistina og kynnumst hvort öðru. Þrjú tímar, fjórir tímar líða. Klukkan er 1 eftir miðnætti. Ég hrekk upp af þessari einkennilegu leiðslu sem ég hef verið í. Ég þarf að mæta í tíma í MH eldsnemma í fyrramálið og hér sit ég með ókunnugum manni í rauða sófanum mínum. Í senn bæði heillandi og seiðandi en einnig fífldjarft og óráðlegt. Ég skil ekki hvað hefur komið yfir mig.

- Heyrðu, ferlega næs að spjalla, segi ég, en ég þarf að vakna snemma.

- Ég skil, segir hann og brosir. En nú erum við rétt að byrja að kynna, heldur hann áfram. Synd að eyðileggja fullkomið kvöld.

Ég fæ allt í einu dúndrandi hjartslátt. Mér líður eins og þegar ég var lítil og maður frænku minnar heldur utan um mig. Kyssir mig á munninn.

Hann færir sig nær mér.

-Láttu ekki eins og þú finnur ekki straumana á milli okkar, hvíslar hann.

Ég stend hratt upp og geri mér upp hlátur.

- Virkilega gaman að kynnast þér en nú þarf ég í alvöru að fara að sofa. Ég titra þegar ég segi þetta og get ekki horfst í augu við hann.

Hann stendur upp og gengur hægt í áttina að mér. Hann er hávaxinn. Mjög hávaxinn. Hann stendur fyrir framan mig. Ég horfi ofan í gólfið. Ekki lengur 19 ára. Ég er 7 ára. Hann tekur utan um mig. Þrýstir mér að sér og ég er blóm sem kremst ef takið er of þétt. Ég er algjörlega máttlaus. Hann færir mig aftur að sófanum. Leggur mig á hann. Ég loka augunum. Ég er ekki hérna. Ég veit nákvæmlega hvað er að fara að gerast.

Ég finn að hann færir mig úr buxunum og nærbuxunum. Heyri hann losa beltið á sínum buxum sem detta svo á gólfið. Ég reyni að kyngja munnvatni. Reyni að öskra. Reyni að standa upp. Ég er fullkomlega lömuð.

Hann liggur ofan á mér. Ég á ekki lengur neðri part líkamans. Hann byrjar að athafna sig. Ég kreisti aftur augun. Allt í einu finn ég skerandi sársauka í utanverðum hálsinum. Hann sekkur tönnunum á kaf í hálsinn á mér. Það er þarna sem hjarta mitt hættir að slá. Hann gefur frá sér hávært, dýrslegt öskur þegar hann fær fullnæginguna. Ég ligg og veit nákvæmlega hvernig dádýrinu líður þegar ljónið herpir að hálsi þess með hvössum tönnunum, þar til hjartað hættir að slá.

## Bútar

marglit hjörtu

raða sér

á hjáleita grunna

sum dálítið skökk

vaka næturlangt

yfir hjónunum

vernda herbergið

á daginn

er ekki bútasaumsteppi

þó mjakast bútarnir saman

misjafnir að lengd

raðast

segja

þegja

mynda heild

að lokum

## Vorið

vorið kom  
með vindinum  
vonin bundin  
í moldinni

brún brekkan  
tældi  
blékkti  
neyddi mig  
til að níðast á arfanum  
nýspróttum  
montnum spírnum

þær uggðu ekki  
að gírugum  
gúmmihönskunum  
sem vomuðu yfir  
grænu illgresinu

## Ef þú legðir við hlustir myndir þú heyrir

Ég get ekki meira. Hjálp! Er einhver sem getur hjálpað mér? Ó, ég bugast...  
HJÁLP! Hvað þarf eiginlega til þess að þessi auli heyri í mér? Hann hlýtur að vera heyrnarlaus og tilfinningalaus. Já og skilningslaus með stóru essi.

Ef ég gæti gubbað þá myndi ég gera það. Gubbað öllu þessu ógeði sem er troðið í mig án þess að ég fái að segja mitt álit. Hvort að mér finnist það gott eða hvort að ég hafi einhverjar séróskir. Sjálfsagt skiptir mitt álit litlu, hvað veit ég?

Hér hef ég alltaf verið og þekki varla neitt annað. Ég minnst þess samt að þetta hafi ekki verið svona fyrir mörgum árum síðan, þegar ég var nýorðin til. Þá var allt miklu betra og ég fékk nákvæmlega það sem ég vildi og þurfti.

Vá! Ég var næstum búin að gleyma því. Gott að geta yljað sér við þessar gömlu minningar, en mér líður samt illa. Æ! Krampi, hjálp! Nei, það er of seint, ég dey.

Á! Hver lemur mann þegar maður er að deyja? Láttu mig í friði ég vil ekki meira, stopp! Ég finn lífið fjara úr mér og hugsa bara um að fá loksins frið.

Nú verður engu þröngvað upp á mig lengur og húsbóndinn dauður, gott. Hann átti það skilið fyrir að sætta sig við endalaus streitu og subbulegt mataræði og þröngva því upp á mig, hjartað sitt.

Gott á hann, verra með mig.

## Spurning

Þegar ég mætti í vinnuna eftir hádegið, byrjaði ég á því að sækja mér kaffi. Ég sá strax eftir því þegar ég sá að Sæmi sat inni á kaffistofunni og leit spyrjandi á mig þegar ég gekk inn. Ég sagði ekkert, langaði ekki að tala við Sæma núna. Hann var greinilega ekki á sama máli.

- Hvar ert þú búinn að vera í allan morgun?

- Ég?

- Já sérðu einhvern annan hérna?

Þetta var nákvæmlega það sem ég bjóst við af Sæma. Alltaf þessir stælar, það mátti ekkert gera í friði fyrir honum. Hann þurfti að vita allt.

- Af hverju spyrðu að því?

- Hvort þú sjáir einhvern annan hérna?

- Nei, hvar ég hef verið í dag?

Ég hafði heyrt að ef maður spyr á móti þá hættir fólk að spyrja mann af því að það hefur enga góða ástæðu fyrir forvitninni. Ekki svo gott þegar Sæmi á í hlut.

- Ja, ekki varstu hér og hvar varstu þá?

- Svei mér, þú bara spyrð og svarar sjálfur

- Hvað áttu við?

- Nú, ég var ekki hér, svo þú færð vinning sem er afgangurinn af kaffinu mínu. Ég hellti úr kaffibollanum mínum í bollann hans Sæma og það sallaðist yfir hendina á honum og á borðið. Sæmi kippti að sér hendinni og horfði reiður á mig. Hvernig hafði mér dottið annað eins í hug? Eins gott að halda ró sinni úr því sem komið er.

- Hvor andskotinn maður, hvað gengur að þér?

- Það er aldeilis spurningaflóðið sem er látið dynja á manni ef maður mætir ekki klukkan átta alla morgna.

- Er ekki í lagi með þig?

- Nú, það heldur bara áfram að flæða yfir mann. Ég ætti kannski bara að bauna á móti. Af hverju hefur þú saknað mín svona mikið?

- Ha, ég?

- Já, er eitthvað man crush í gangi hérna? Ég hef ekki áhuga ef það er það sem þú ert að hugsa.

- Man crush? Ertu ekki í lagi? Það leit út fyrir að Sæmi væri við það að springa. Andlitið á honum hreinlega títnaði út. Ég finn að ég er sjálfur farinn að svitna í lófunum.

neinu, bara spyrð og spyrð. Fyrirgefðu Sæmi, ég vissi bara ekki að þú værir

svona skotinn í mér.

Sæmi stóð æstur upp úr stólnum og var sótraður í framan.

- ÉG ER EKKERT SKOTINN Í ÞÉR!

- Hvernig væri þá að láta mig í friði? Heldur þú að það sé einhver möguleiki?

-Hættu þessu helvítis kjaftæði!

Sæmi strunsaði út af kaffistofunni kaffibollalaus og skellti hurðinni á eftir sér. Ég fékk mér nýtt kaffi og fékk mér sæti. Það er ekki séns að ég segi þessari karlrembu hvað ég var að gera. Ég fengi nú aldeilis háðs-glósumnar ef ég segði honum frá þessu yndislega námskeiði. Guð hvað ég hlakka til að klára vinnudaginn svo ég geti farið heim að hekla fleiri ömmudúllur.

## Faðirinn

Fagnaðarlæti brutust út í Hörpu þegar Oprah Winfrey kynnti bíómyndina „Við erum hætt að eyða peningum í að draga börnin upp úr brunninum“, sem fjallaði um fyrsta barnamálaráðherra Íslands. Faðirinn var framarlega fyrir miðju hægra megin og meðal þeirra sem ákafast fögnuðu. Myndin var frumsýnd á ársfundi Alþjóðafélags lögfræðinga í opinberri þjónustu og á slíkum fundi var sjaldgæft að miklar ástríður færu um sali.

Fagnaðarlætin virtust því koma Opruh þægilega á óvart. En ráðherrann var í essinu sínu þegar hann gekk upp á svið til að segja nokkur orð. Faðirinn íhugaði að sýna aðdáun sína með því að standa upp og klappa sem ákafast en missti af andartakinu því nú var ávarp ráðherrans byrjað.

„Í starfi mínu vildi ég marka djúp spor,“ sagði hann með þeirri háu en einlægu rödd sem einkenndi hann. „Ég sá það fljótt að hægt væri að auka lífsgæði barna til muna á 10 árum. Nú hefur það verið staðfest.“ Faðirinn var djúpt snortinn í sæti sínu framarlega til hægri. Hann var ákveðinn í að gera sitt besta til að njóta foreldrahlutverksins.

Faðirinn vissi að það væri ekki sjálfgefið að vel tækist til. En starf ráðherrans hafði lagt góðan grunn.

Ráðherrann hélt áfram: „Lykilþáttur til að ná þessum árangri var að byrja hverja vinnuviku á að hitta manneskju sem ég hafði ekki áður talað við. Ég ætlaði ekki að vera svona „Já ráðherra“ og samþykkja eingöngu tilbúin mál frá ráðuneytisstjóranum. Og ég ákvað að taka til hendinni í málefnum barna.“

Nokkrir í salnum gátu ekki stillt sig um að klappa og faðirinn tók undir. Hann nýtur þess að taka virkan þátt í lífi barna sinna. Hann er ánægður með sína fjögurra daga vinnuviku og þau lífsgæði sem fylgja. Honum tekst að sinna sínum eigin þörfum, auk þess sem hann hefur tóm og þrek til að styðja konuna sína sem gegnir stjórnunarstöðu á mannlega sviðinu. Hann er stoltur af því að þekkja nöfn vina barna sinna og meira að segja foreldra þeirra. Hjónin leggja bæði mikið upp úr því að kenna börnum sínum seinkaða umbun og safna alltaf fyrir kostnaði heimilistækja, húsgagna og sumarleyfa fjölskyldunnar. Þau nýta snjalltæknina til að vera í tengslum yfir daginn en á heimilinu láta þau tækin ósnert. Nú þegar hjónin eru búin að borga námslánin vill eiginkonan fækka vinnudögum sínum í fjóra daga til að njóta lífsins með fjölskyldunni frekar en að stækka húsnæðið.

Áratug áður, þegar þessi metnaðargjarni ráðherra kom til starfa, hafði hann sagt að koma mætti í veg fyrir meirihluta erfiðra fjölskyldumála með ákveðnum aðgerðum. Margir hlýddu á og studdu ráðherra af því að þeir fundu að það var tímabært. Annar hópur studdi hann þar sem hætta var á að fólk sem upplifði erfiða æsku án þess að foreldrar þeirra fengju viðeigandi aðstoð,

gæti gert kröfur á hendur ríkinu, samkvæmt þeim tíðaranda sem þá var að renna upp. Og það gæti kostað áður óþekktar upphæðir.

„Ég nýtti tíðarandann,“ hélt ráðherrann áfram, „og fékk umhverfissinna með mér í lið þar sem ég komst að því að alvarlega stressaðir foreldrar ættu sök á stærstu kolefnissporunum. Börn stressaðra foreldra eru til dæmis lengur á bleyju en önnur börn. Einnig skilja stressaðir foreldrar frekar, sem þýðir - fyrir utan allt annað - aukið skutl með barnið hingað og þangað, tvö barnaherbergi og tvöfaldan fataskáp. Ég náði að sýna fram á að með því að styðja verkefnið var fólk í senn að jafna hlut kynjanna og um leið leggja á hilluna gömlu feðraveldishugmyndina, að konur sjái að mestu um uppeldi og umönnun.“

Ég hóf starfið á að tryggja að börn hefðu allavega tvo fullorðna umönnunaraðila, og alltaf þrjá frekar en einn. Það lá fyrir að þáttur feðra í uppeldi barna væri lítið nýttur. Þessu breytti ég með liðstyrk félaga minna úr flokknum auk skóla og íþróttafélaga.“

Ráðherrann lýsti því spöskur að einhverjir hefðu lýst áhyggjum yfir því að ráðstafanir hans kæmu illa við marga sem hefðu fyrst og fremst áhuga á að bæta stöðugt tíma sinn í þeirri hjólreiðakeppni sem þá var líf og yndi svo margra. Með því að sinna fjölskyldunni svo vel, til viðbótar við hjólreiðakeppnina, gæti það valdið því að ekki væri til afgangssorka til þess að viðhalda stofninum.

Ráðherrann brosti þegar hann sagði þetta og salurinn hló með honum. Faðirinn skellti upp úr. Oprah kinkaði kolli brosmild, þótt hún skildi sjálfsagt ekki hvað ráðherrann hafði sagt.

Ráðherrann hélt áfram máli sínu. Hann talaði um aðgerðir í málefnum fjölskyldna sem höfðu gleymst ofan í skúffu í meira en áratug. En hann svipti upp skúffunni!

Aðalþátturinn var að vitneskja 21. aldar um hvernig styrkja mætti fjölskyldur var loksins nýtt. Þær aðgerðir gengu út á í fyrsta lagi fræðslu um fjölskyldumál í grunn- og framhaldsskólum, í öðru lagi fræðslu fyrir verðandi foreldra sem þjónaði þörfum beggja kynja, í þriðja lagi stuðning og ráðgjöf til foreldra, velji þeir að ala barnið upp á tveimur heimilum.

Ráðherrann leit í spegil og mætti ánægðum augum föðursins.

## Fjarlægu feðurnir og vanhæfu embættismennirnir

Annað nafn yfir Guðmundar- og Geirfinnsmálið hefði getað verið Fjarlægu feðurnir og vanhæfu embættismennirnir. Þessir fjarlægu feður voru svo margir og þeir voru alls staðar um málið þvert og endilangt. Þeir voru fórnarlömb fórnarlamba og tókst þar af leiðandi ekki að hrinda upp hurðinni á Síðumúla- fangelsinu og verja börn sín fyrir hópi vanhæfra embættismanna. Allir þekkja afleiðingar þessa hörmungarmáls. Hefðu feðurnir notið sterkari tengsla við börn sín og hefðu börnin fengið að nýta styrk þeirra og styðja sig við hann og hefði samfélagið fengið sáttari og hæfari embættismenn hefði útkoman hugsanlega orðið allt önnur.

## Örsuga

Hún vaknaði um morguninn svöng. Svöng var ekki eðlilegt ástand. Hún vildi borða fólk. Hún var blóðsuga. Hún átti samt ekki að gera það. Hún vissi það. Það er rangt að borða fólk. Svo hún reyndi að sleppa því. Hún sagði að það væri af siðferðilegum eða trúarlegum ástæðum en vissi inn við beinið að hún vildi bara vera mjó. Hún lifði í skugga svengdarinnar, skíthrædd við næsta átkast.

### Smápósi

Hann stillti sér upp nakinn. Hann vissi að hann leit vel út, þó að hann væri farinn að eldast. Honum fannst ekkert mál að pósa en hrikalega erfitt að vera kyrr. Stellingarnar sem hann þurfti að vera í voru svívirðilegar. Hann hafði samt nægan tíma til þess að hugsa. Í dag hugsaði hann um það þegar hann hafði sjálfur viljað vera listamaður. Þetta borgaði betur.

### Stelpa

Það var einu sinni stelpa  
sem gat allt  
hún var klár  
fyndin  
skrifaði ljóð og sögur  
hún var sterk  
hún gat sungið  
smíðað, málað, skotið úr byssu  
svo kom strákur  
sem sagðist geta allt betur en hún  
hann tók af henni verkfærin  
byssuna  
lokaði á henni munninum  
og tók af henni pennann  
stelpan varð að konu  
sem kunni ekki neitt  
og gat ekki neitt  
þá fór strákurinn  
sem var orðinn karl  
og fékk sér nýja konu

Þegar karlinn var farinn  
fann konan mynd af snjöllu stelpunni  
hún fann pennann sinn og öll verkfærin  
hún opnaði munninn og söng



### Þau

Þegar hún lokaði augum móður sinnar fann hún fyrir létti.

Hann tók sængina sína, vafði henni saman og stakk undir handlegginn, leit yfir herbergið og brosti.

Þau skrifuðu bæði undir plaggið, stóðu upp og fóru hvort sína leið. Hvítvínið var orðið hálfvolgt. Hún hellti því í vaskinn.

### Leyfi

Það má allt.

Má vera limra

eða ferskeytla

eða bæði

eða hvorki né.

Má vera stelpa

eða strákur

eða bæði

eða hvorki né.

Það má allt.

## Rauðu skórnir

Hann var Dóróthea  
og pilsíð sveiflaðist  
þegar hann sneri sér í hring.  
Hann var tinkarl  
með harða skel  
sem hleypti engum inn.  
Hann var fuglahræða  
sem gaf eftir,  
fylgdi hinum.  
Hann var ljón  
sem sagði sannleikann  
af hugrekki.  
Hann ætlaði að bjóða stelpum  
og strákum  
í fjögurra ára afmælið sitt.  
Kannski yrði hann í rauðu skónum.

## Elliðaárdalur

Hleyp innan um kanínur, lúpínur, gæsaunga, sóleyjar og fífla, maríuerlur,  
ljónslappir, bjarkir, reyni, víði, puntstrá, veiðimenn, hundasúrur og furu með ána  
í öðru eyranu og umferðina í hinu. Hér vantar ekkert nema ja, fáeina bamba.  
Ef ég rekst á litla stelpu, í bláum kjól með gulum púffermum og rauðum  
reimum, ætla ég að aðstoða hana og hafa samband við barnaverndarnefnd.

## Þriðji ísbjörninn

Þegar þriðji ísbjörninn gekk á land á Skaga nennti fólkið ekki lengur neinu veseni. Það gróf holu, löggan skaut hann ofan í holuna, mokaði yfir og málið var dauðt.

Frænka mín sagði mér þetta. Fólkið sem sagði henni það er bæði vandað og áreiðanlegt.

## Hversdagsleikinn

Hversdagsleikinn glymur eins og skrattinn hrár og grár, ömurlegur og illgjarn smeygir sér inn á milli hamingjustunda, þessara fáu hamingjustunda sem ég næ að mylja úr deginum.

Hann spilar á ofþandar taugarnar, strýkur þær með stálull andskotans fyllta af glóandi helvítislogum þangað til að mig setur hljóðan og bið mér náðarsamlegast líknar

## Lífsbrot

Ráðskona óskast í sveit. Þetta var upphafið á þessu öllu saman. Svona byrjaði þetta. Ég sá auglýsinguna um leið og ég fletti yfir á síðuna í blaðinu. Þótt þetta sé klisja, þá vissi ég strax að starfið var mitt, auglýsingin var ætluð mér og eingöngu mér. Ég sendi inn umsókn samdægurs.

Ég man enn eftir því þegar ég hitti hann í fyrsta skiptið. Við höfðum skrifað á í nokkra mánuði en nú var komið að því. Rútan stoppaði við þjóðveginn, rétt hjá afleggjaranum að bænum, og ég stóð í vegarkantinum og horfði á eftir henni spúa upp rykmekki um leið og hún ók í burtu. Ég greip töskuna mína og gekk í átt að bænum. Þetta var ekki langur spotti en hvergi var neinn að sjá nema nokkur dýr, enda eðlilegt þar sem bóndabærinn var sjálfbær. Hann hafði sagt mér að ganga inn án þess að banka en ég dokaði við áður en ég gerði það, snéri mér við og virti fyrir mér útsýnið sem ég átti von á að yrði mitt næstu árin. Svo opnaði ég dyrnar og gekk inn. Ég gleymi aldrei brosinu sem færðist yfir andlit hans þegar hann sá mig í fyrsta sinn. Og hann var svo fallegur.

Ég kveð síðasta gestinn og geng inn aftur. Ég lít yfir stofuna og andvarpa. Svo hefst ég handa við að ganga frá. Þetta var ekki stór erfidrykkja, hann átti fáa vini og margir sniðgengu okkur í sveitinni. En hann erfði það aldrei við mig. Og ég ekki við hann. Hann var mér nóg, ég þurfti engan annan, ekkert annað. Hann var líf mitt, yndi og alheimur. Í dag er ég einn, en mér er sama. Ég er enn ráðskonan hans.

## Feðgar

Ímyndaðu þér tvær hendur sem klappa. Hvernig er hljóðið sem önnur þeirra gefur frá sér? Ómögulegt er að skilja hljóð frá spöðunum tveimur. Hönd er spaði. Sé þeim slengt saman myndast bylgjur sem lenda á hlust nærstaddra og vekja af værum blundi. Viltu sækja mig í sjúkrahjálfun? Þeirri bón svara ég með gátu: mig umlykur dökk sælleg leðja. Frumberska mín blundar þar. Ertu appelsínugul? Hárrétt: þú verður sóttur í Heilsuborg. Í kaupbæti færðu að sitja núvitundarnámskeið.

## Fimman

Það er allt annar bragur á klámi sem er bísexúal. Í kynsvalli kyssast herrar og gefa hver öðrum fimmur.

## Guð blessi loftið

Það gerðist snemma morguns, síðsumars, að ég sat í rauða stólnum í stofunni minni heima og var að gera tvennt. Annarsveggar var ég að lesa andlegt fóður fyrir hugann og sálina en hins vegar, og um leið, var ég að tína upp í mig bætiefnabelgi, allmarga, í þeim tilgangi að reyna að hressa við lífið í gömlum skrokknum.

Í textanum sem lá í vinstri hendi mér sagði; „Gerðu þér grein fyrir að þú hefur alltaf allt sem þú þarft, hvenær sem þú hefur þörf fyrir það.“ En hægri hendi stakk einum Multy Stress B-6 belg í munninn. Hann, aftur á móti, gerði sér lítið fyrir, lagðist þversum efst í kokið og neitaði að fara, hvorki upp né niður. Viðbragðskerfi líkamans brást umsvifalaust við, hér var aðskotahlutur á ferð. Miðtaugakerfið læsti barkanum og hleypti engu lofti niður í lungun.

Upphófst nú mikil barátta, upp á líf og dauða. Það hafa verið góðar birgðir af súrefni í heilanum því hann varð ofurvirkur, hugsaði mjög skýrt og mjög margt. Fyrst hugsaði hann „Jæja, nú færðu tækifæri til að fara yfir um, ætlaðu að standa við marg ítrekað loforð þitt við sjálfa þig, eða hvað?“ Já, en þetta er ekki heilablæðing eða hjartaáfall með þekktum afleiðingum. Hvað á ég þá að gera? Ég þarf að fá hjálp. Það þýðir ekkert að banka hjá henni Sigríði hérna á móti mér. Hún er örugglega enn í rúminu og heyrnartækin hennar á náttborðinu og göngugrindin, hvar er hún? Ég verð örugglega dauð áður en ég næ að koma henni til dyra. En Ragnar hér við hliðina á mér? Varla, hann er ekki kominn á fætur, svo er ég líka enn í náttkjólnum og það er svitalykt af mér. Þá er það strákurinn í hinu horninu. Nei, almáttugur. Hann er nýfluttur inn og bara tvítugur og hefur aldrei séð mig. Hann fær sjálfur áfall og veit ekkert hvað hann á að gera.

Á meðan á öllu þessu hugsanaflóði stóð fann ég máttinn dvína úr líkamanum og B-belgurinn var ekkert að losna, krampinn herpti enn saman kokið og mér var ljóst að ég varð að gera eitthvað strax. Þá var eins og að mér væri sparkað fram á gang og á hurðina hennar Siggú. Ég lamdi harkalega og tók svo í húninn. En viti menn, hurðin var ólæst. Ég æddi inn, sá ekkert fram fyrir mig þar sem ég var komin í keng og á innsoginu. Þá heyrði ég ókunnuga rödd ungrar konu. Henni brá jú í fyrstu en þegar ég rétti fram opinn lófann með nokkrum belgjum í var hún eldsnögg að átta sig á hvað var á seyði og brást hárrétt við. Þarna var þá komin dóttir Sigríðar í nokkurra daga heimsókn frá Kaupmannahöfn þar sem hún er starfandi hjúkrunarfræðingur á öldrunarheimili. Ég var komin niður á hnén og um það bil að detta út þegar kvikindið loksins hrökk upp úr mér, krampinn sleppti takinu og loftið flæddi aftur ofan í lungun mín. Minn tími var ekki kominn. Guð blessi loftið.

## Mexíkó

Mexíkó,  
þú heita mörk,  
saga þín blóði drifin  
um aldir og björk.

Þú hefur gefið mér gjafir  
af örlæti þínu nóg,  
hjartahlýju og yl,  
brosmildu augun þín svörtu,  
tungumálið þitt fagra  
og þokkann í salsanu.  
Ég þakka þér mín kæra Mexíkó.

Mexíkó  
Hummingbird  
í loftinu frýs.  
Jacarandas  
þú töfrandi fegurð.  
Coyote starandi  
í morgunhillingunni.  
Asninn, burðardýr  
svo sorgmæddur  
á svipinn.  
Milljón kóngafirðildi  
á flugi úr norðrinu.

## Appið

Þetta byrjaði mjög vel. Nýja appið varð strax geysivinsælt, enda hafði það verið þróað í Hafnarfirði þar sem hífíli álfa eru úti um allt. Þegar gengið var með símann um bæinn birtust hér og þar skilaboð sem vísuðu á klett í nágrenninu sem væri heimili álfa. Stundum lá við öngþveiti því þúsundir voru búnar að ná í appið og vildu njóta leiðsagnar þess. Þetta virtist geta orðið enn stærra æði en Pókémon-leikurinn fyrir nokkrum árum.

Svo fóru undarlegir hlutir að gerast. Í stað leiðsagnar að álfabyggðum fóru að birtast skrítn skilaboð, eins og „Láttu okkur í friði“, „Farðu burt“ og „Við viljum ekki þennan átroðning“. Framleiðendur appsins komu af fjöllum. Þetta var ekki frá þeim komið. Óánægðir kaupendur appsins kröfðust skýringa og fengu þau svör ein að þetta væri líklega vírus frá rússneskum hökkurum.

Nú var ekki lengur gaman að þessu. Flestir hentu appinu út og sóttu sér annað, oftast um matarinnkaup án plasts sem var nýjasta æðið. En nokkrir áttu appið áfram, nenntu ekki að taka til á skjánum, enda var nægt minni í símanum. Ég var einn þeirra.

Fyrir þremur vikum fór ég af rælni að fikta í appinu þegar ég var á gangi í Gál-gahrauni. Ég gekk fram hjá kletti sem Kjarval hafði oft málað - og sjá: Þá birtist rammi á skjánum og í honum stóð: „Ég vil vera vinur þinn – ýttu á slóðina.“ Það gerði ég og nú á ég Facebook-vin sem að vísu er nafnlaus og það er engin auðkennismynd á síðunni hans. Af og til birtast færslur á síðunni minni með ósýnilegri mynd og ósýnilegum texta. Ég veit ekki hvað hann er að segja mér. Það er allt á huldu, enn sem komið er.

## Öfugmæli

Í barnæsku lásam við öfugmælavísur:  
„Séð hef ég köttinn syngja á bók“  
og fannst þær fyndnar.

Uppkomin misstum við áhugann  
á slíkum kveðskap.

En við kynntumst öfugmælaskáldum nútímans  
sem reyna að telja okkur trú um að  
veruleikinn  
sé allt annar en við skynjum,  
að allt geti batnað ef við fylgjum ráðum þeirra.

Megrúnarkúrar,  
fæðubótarefni,  
töfrasmýsl,  
ávöxtunartækifæri,  
framfarir  
og  
jöfnuður.

Stundum vildi ég að til væri nýtt starfsheiti:  
Öfugmælavörður.

Grípur inn í ef  
lagt er ólöglega  
á trúgirnir fólks  
eða  
dvalið  
á villigötum.

En það má víst ekki sekta  
fyrir innistæðulausan fagurgala.  
Annars væru flestir stjórn-  
málamenn orðnir staurblankir.

Ég fer því aðra leið.

Ég finn góða steina  
og skrái öfugmælin á þá.  
Þau grófustu sverf ég djúpum förum  
til að þau máist aldrei út.

Önnur mála ég á yfirborðið  
með sterkum litum sem ekki skolast af.

Ég raða steinunum upp í vörður  
sem standa á almannafæri  
öðrum til viðvörunar.

Öfugmælavörður.

## Kallinn í kjallaranum

Hann platar mig ekki, kallinn í kjallaranum. Ég hef fylgst með honum lengi. Séð hann liggja á gluggum. Góna á ungvíðið. Klappa þeim. Gefa nammi á virkum degi. Hann platar mig ekki, röltandi um róluvellina. Strýhærður með staf. Nusandi. Haltur. Hann platar mig ekki, sitjandi á bekk á skólalóðinni. Með opna skyrdós og hangikjötsbita. Ég veit of mikið. Veit að hann handfjatlar skóna í sameigninni. Raðar eftir stærð. Minnstu þörin fyrst. Veit að hann bankar hjá barnafólki með kerti til styrktar Kattholti. Ég veit því ég hef fylgst með honum. Lengi. Fundið fjósafnykinn. Heyrt hurðaskellina. Séð tárin í janúarsnjónum. Hann platar mig ekki, jólasveinninn í kjallaranum, sem þykist vera gamall kall.

## Tilkynning frá Sérsvetinni

Þetta eru skuggalegir tímar sem þarfnast aðgerða. En við erum fjölmennir. Um 20.000 sagði einhver. Og klárir í slaginn. Upplýstir um verkefnið og spenntir. Loftið er rafmagnað. Það tók tíma að vinna sig upp. Tíma að þjálfra mannskapinn. Tíma að venjast næturvinnunni. En við erum þéttur hópur. Höfum staðið vaktina lengi. Í aldir að því er virðist. Upplýst mörg mál. Morðmál. Varpað ljósi á önnur. Fyrsta verkefnið, Lanternarius aðgerðin á Ítalíu, var hálfgerður þrældómur og illa borgað. En dýrmæt reynsla. Og Link Boys fylgdin í Bretlandi. Krefjandi verkefni, undirmannað og búnaðurinn frá miðöldum. Önnur dýrmæt reynsla. En nú er öldin önnur. Við erum ríkisrekin eining. Vel tengdir. Að hluta fyrir allra augum. Að hluta neðanjarðarhreyfing.

Þótt þið mígið utan í okkur, sparkið í okkur, ælið á okkur þá mætum við stálslegnir á vakt. Stólpar samfélagsins. Verndarar. Ljósberar. Teinréttir lofum við 4.000 vinnustundum í baráttunni gegn myrkraöflunum. Galvaskir. Brynvarðir. Galvaníseraðir gegn hvers kyns byltingum. Götuóeirðum. Fjöldasamkomum. Þetta eru skuggalegir tímar sem þarfnast aðgerða en engar áhyggjur. Sérsvetin er vöknuð af sumardvalanum. Við munum lýsa veg þinn í vetur. Ljósastaurar Reykjavíkurborgar.



## Eldur í hjarta

Með sól á tungunni  
marmarahöllin rís úr sæ  
en hirðin er með Grænu  
Verunum í frímúrarahúsinu

Kristallast Guð  
í glugga þínum  
sem frostrós  
eða finnum við  
áður óþekkta liti  
í okkar innri kjarna?  
Þetta veit sá sem ekki spyr

## Ljóstíllífur

Nýjar víddir  
allir Alheimar  
skilningur á lífinu  
samanþjappaður  
massi allra geimsteina  
það ert þú  
ég er Svartholið  
í hjarta þér  
ég vil  
eld Guðs

## Æpandi

Þær stóðu á tindi fjallsins, mæðgurnar. Önnur í appelsínugulum vindjakka og gulum buxum. Hin í skærljósbláum vindjakka og rauðum buxum.

Þær stóðu þarna og dáðust að útsýninu og rifjuðu upp örnefni. Stöðugur straumur fólks var upp og niður. Þaðan sem þær stóðu leit straurmurinn út eins og röð af litlum svörtum maurum.

Hópur fólks var kominn upp á eftir þeim. Kona úr hópnum gekk til þeirra:

„Góðan daginn, varst þú ekki í flugi frá Orlandó í gær?“ spurði hún og horfði á móðurina.

„Júúú, hvernig veistu það?“ móðirin leit undrandi á þessa ókunnu konu.

„Ég var flugfreyja í vélinni“ svaraði konan og brosti.

„Jahá, þú ert aldeilis mannglögg.“

„Jaa, sumu tekur maður eftir“ sagði flugfreyjan, kvaddi og hélt til baka, með hópnum sínum.

Dóttirin horfði á móður sína í forundran og tortryggnin skein úr svipnum. „Hvað gerðirðu eiginlega af þér fyrst flugfreyjan man eftir þér úr 200 manna farþegahópi?“

„Ekki neitt, ég svaf mestallan tímann.“

„Eitthvað hefurðu gert fyrst hún þekkir þig þó þið hafið aldeil sést áður. Dansaðirðu á ganginum, eða tókstu lagið í flugtaki? Ekki trúi ég að þú hafir verið með leiðindi.“

Móðirin varð hugsí, leit svo á dóttur sína og sagði: „Eina sem mér dettur í hug er að ég hafi skorið mig úr dökklæddum landanum. Ég var í eiturgrænum buxum, skærgrænköflóttri blússu og jakka með bláu, gulu og grænu blómamynstri. Þetta er trúðsgenið í okkur.“

## Hefði þurft að

Ég hefði þurft að  
þrifa baðherbergið  
skúra gólfinn  
ryksuga ganginn  
skipta á rúmunum.

En ég gerði ekkert  
ekki nokkurn skapaðan hlut.

Ég hefði þurft að  
þrifa gluggana  
þurrka af  
raka laufin í garðinum  
þvo þvott.

En ég gerði ekkert  
ekki nokkurn skapaðan hlut

nema liggja í hægindastólum  
og lesa  
skáldsögu um ástina  
eftir Paulo Coelho

